

AUGLÝSING

um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af hráefnum og vélum til iðnaðar.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að frá og með 1. janúar 1974 skuli innflytjendum vara í nánar tilteknum tollskrárnúmerum veittur frestur á greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts til 1. mars 1974, enda gefi innflytjandi út skuldaviðurkenningu til handa viðkomandi tollstjóra fyrir andvirði álagðra gjalda auk ábyrgðar banka á greiðslu skuldarinnar hafi skuldaviðurkenning eigi verið gerð upp fyrir 15. mars 1974. Listi yfir tollskrárnúmer þau, sem hér um ræðir, mun verða sendur öllum tollstjór-um auk samtaka iðnrekenda og innflytjenda.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.

Nr. 368.

28. desember 1973.

AUGLÝSING

um breytingu á fasteignamat.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 3. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lög-um nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 3. gr. laga nr. 104/1973, um breyting á þeim lögum, til að hækka fasteignamat um 45% að því er tekur til nokk-unar fasteignamatsins samkvæmt þeim tilteknu lögum. Auglýsing þessi tekur gildi hinn 1. janúar 1974, og jafnframt er úr gildi felld auglýsing ráðuneytisins frá 7. apríl 1972, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.